



HAFNARFJÖRÐUR

11.09.2012
Málsnr. 1703332

Grenndarkynning – Hafnarfjarðarbær

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Álfhella 8 í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 30. ágúst 2017, að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga í Hafnarfirði vegna Álfhelli 8, í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreit lóðarinnar að Álfhelli 8 verði snúið um 90°, stærð hans og bundin byggingarlína verði óbreytt. Syðri innkeyrsla frá Dranghelli verði tekin af. Hámarkshæð byggingar verði 10 metrar miðað við mæni. Að öðru leiti gildi áfram núgildandi skilmálar fyrir svæðið.

Deiliskipulagið verður grenndarkynnt frá 12. september til 10. október 2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði Norðurhelli 2.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 10. október 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllt,

Guðrún Guðmundsdóttir

Arkitekt / skipulagsfræðingur

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

netfang: gudrungud@hafnarfjordur.is